

6. Frumvarp

um þóknun til þeirra manna, er bera vitni fyrir rjetti.

(Lagt fyrir Alþingi 1917).

1. gr.

Nú er manni stefnt í dóm til að bera vitni, ber honum 50 aura þókn-

un fyrir hverja klukkustund, er hann tefst frá öðrum störfum vegna stefnunnar, þó aldrei meira en 6 kr. um sólarhringinn.

2. gr.

Purfi vitnið að fara meira en $7\frac{1}{2}$ kílómeter (mílu) á landi eða 3,7 kílómetra ($\frac{1}{2}$ viku) á sjó, ber því 50 aura þóknun í ferðakostnað fyrir hverja farna mílu á landi eða hverja $\frac{1}{2}$ viku sjávar.

3. gr.

Í sakamálum og almennum lögreglumálum skal borgun greidd fyrirfram úr landssjóði gegn endurgjaldi hjá þeim, er dæmdur er í málskostnað með endilegum dómi.

Í einkamálum skal gjaldið greitt af þeim, er krefst vitnaleiðslunnar. Sje það eigi greitt fyrirfram, má taka það lögtaki samkvæmt lögum nr. 29, 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

4. gr.

Vitnadómarinn ákveður í hvert sinn hve mikla þóknun greiða skuli hverju vitni.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Fyrir Alþingi 1891 var af hálfu landsstjórnarinnar lagt frumvarp um þóknun til þeirra, er bera vitni í opinberum málum. Þá voru nýkomin í Danmörku lög um sama efni, og var frumvarpið 1891 sniðið eftir þeim lögum. Ákvæði frumvarpsins voru þau, er hjer greinir:

Ef ætla má að maður, er stefnt er til að bera vitni í opinberu máli biði tekjutjón af burtveru frá heimili sínu, má dómarinn veita vitninu 1 kr. í þóknun fyrir alt að 4 tíma tóf vegna rjettarhaldsins, en 2 kr. um daginn, sje tófin lengri, enda þyki dómara eftir öllum efnahag vitnisins ástæða til að bæta því upp tjón þetta. Auk þess skyldi greiða vitninu 50 aura fyrir hverja farna mílu.

Það er tekið fram í ástæðunum fyrir frumvarpinu, að þótt það sje í sjálfu sjer eðlilegt að vitni, hvort er í opinberum málum eða einkamálum, fái þóknun fyrir tímatóf og kostnað, þá »þyki það fyrst og fremst vafasamt, hvort vitnaskyldan eigi ekki, einmitt samkvæmt eðli sínu að vera, eins og hún eftir gildandi lögum er, ein af þeim mörgu skyldum, sem allir þeir, er lifa í borgaralegu mannfjelagi, mannfjelagsins vegna verði að þola endurgjaldslaust, og hvort það því ekki mundi hafa hættulegar afleiðingar í för með sjer, yrði heimting á endurgjaldi lögheimiluð«. Þessar mótbárur eru þó ekki taldar einhlítar. Það er bent á það, að borgaraleg skyldustörf, sem áður var engin þóknun fyrir, sjeu nú að miklu leyti launuð. Það er viðurkent í ástæðum stjórnarinnar, að þótt sú hugsun verði fyrst fyrir, að vitnaþóknunin eigi að ná til allra vitna, þá hafi þó rjett þótt vera að fara ekki fram á borgun til vitna nema í opinberum málum, vegna þess að þegar um einkamál sje að ræða megi ekki líta einungis á hag vitnisins, heldur verði einnlg að gæta þess hve mjög kostnaður við rekstur einkamála mundi aukast, ef vitni í þeim málum ætti heimting á þóknun.

Um frumvarp landsstjórnarinnar 1891 fór svo á þinginu það sumar, að það var samþykkt óbreytt að efni til í efri deild. Í neðri deild var við aðra umræðu samþykkt breyting í þá átt, að vitni skuli veita þóknun í opinberu máli, án tillits til efnahags, og við þriðju umræðu var enn samþykkt breytingartillaga um að þóknun skuli greidd jafnt í einkamálum sem opinberum málum. Breytingartillaga þessi var samþykkt en síðan var frumvarpið felt með 11 atkvæðum gegn 10. Breytingartillagan var byggð á þeirri skoðun, að engu minni ástæða væri til að greiða vitnum þóknun í einkamálum en opinberum málum, öllu heldur meiri.

Ráðuneytið er þeirrar skoðunar, að rjett sje að veita þóknun mönnum, sem stefnt er í dóm og mæta fyrir dómi til að bera vitni. Vitnaskyldan er að visu borgaraleg skylda, en það er engin ástæða til að krefjast þess, að þessi skylduverk sjeu int af hendi með öllu endurgjaldslaust, enda er það nú orðið títt að greiða borgun fyrir borgaraleg skyldustörf, þau er áður voru int af hendi kauplaust. Og virðist sú skoðun vera rjett, er kom fram í neðri deild Alþingis 1891, að enn meiri ástæða sje til að greiða þóknun vitnum í einkamálum, en opinberum málum. Er um opinber mál er að ræða, þá ætti það að mega telja nokkurnveginn trygt, að menn sjeu eigi að ástæðulausu kvaddir til vitnisburðar, því að þar ræður rannsóknardómarinn vitnaleiðslunni. En í einkamálum ráða aðiljar þessu, og er þá einatt lítil trygging fyrir því, að menn sjeu eigi kallaðir — stundum fátækir verkamenn frá atvinnu sinni — fyrir dóm til að bera vitni um einskisverð atriði, og það jafnvel oftár en einu sinni. Getur það einatt verið æðihart að vera ómakaður þannig, máske um langan veg, og verða svo að tefjast margar klukkustundir við sjálf tjettarhaldið.

Um einstakar greinar frumvarpsins athugast.

Um 1. og 2. gr.

Þóknun sú, er hjer ræðir um, er miklu ríflagri en til var ætlast 1891, en alls eigi of há eftir því sem nú gerist.

Um 3. gr.

Það er gert ráð fyrir því, að um þóknun til vitna í opinberum málum fari sem um annan kostnað í þeim málum, að sakaður greiði og vitnakostnaðinn, ef hann greiðir annan kostnað við málið.

Í einkamálum er ætlast til að fylgt sje svipuðum reglum sem um rjettargjöld.

Um 4. gr.

Það þykir rjett að taka það fram berum orðum, að vitnadómarinn ákveði þóknunina í sjálfu rjettarhaldinu, og verður það væntanlega svo í framkvæmd að dómarinn tekur á móti þóknuninni handa vitninu með öðrum rjettargjöldum í einkamálum, en í opinberum málum greiði hann vitnunum borgunina á sama hátt og rjettarvottum.